

Nd.

631. Frumvarp

til laga um viðauka við og breytingar á lögum nr. 83, 14. nóv. 1917.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Í stað orðanna í 2. gr. »Til Snæfjalla ... að Höfn á Hornströndum« komi:

Loftskeytasamband milli Ísafjarðar, Hesteyrar og Hafnar við Hornvík; frá Hesteyri landsímalina að Látrum í Aðalvík; enn fremur land- og sæsimi frá Ísafirði um Ögur til Snæfjallastrandar og þaðan að Armúla og Grunnavík.

Aftan við greinina bætist:

Eignig lína frá Blönduósi að Bólstaðarhlið, með stöð í Langadal og Svinadal; frá Sauðárkróki að Viðimýri og Silfrastöðum, með stöð á Stóru-Ökrum og í Lýtingsstaðahreppi. Lína úr Glæsibæjarhreppi í Eyjafirði í Skriðuhrepp; lína frá Akureyri inn Eyjafjörð, með stöð í Öngulsstaðahreppi. Lína að Brekku í Fljótsdal; lína frá Svignaskarði að Staðholtsey. Lína til Skógar-ness og lína frá Patrekshreppi til Saurbæjar og Breiðuvíkur í Rauðasands-hreppi. Lína frá Miðey til Hallgeirseyjar í Austur-Landeyjahreppi og frá Eyr-
arbakka til Þorlákshafnar út í Selvog.